



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 131/676
komudagur 10. 12. 2004

Reykjavík, 9. desember 2004

R04020132

175

GE/ás

Alþingi - Umhverfisnefnd
Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritari
Þórshamri
150 REYKJAVÍK

Umsagnir um frumvarp til laga um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, 235 mál.

Á fundi borgarráðs í dag voru lagðar fram umsagnir skipulags- og byggingarsviðs og umhverfis- og tæknisviðs Reykjavíkur, dags. 3. desember og 23. nóvember sl., til nefndasviðs Alþingis, um frumvarp til laga um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, 235 mál.

Af því tilefni skal á það bent að ítrekað hefur þess verið óskað við nefndasvið Alþingis að beiðni um umsagnir um frumvörp og önnur þingmál verði sent beint til borgarráðs, sem síðan meti hvert fanga verður leitað innan borgarkerfisins. Gengið er út frá því vinnulagi að umsagnir séu á ábyrgð borgarráðs, en í máli þessu voru umsagnir embættismanna sendar beint til nefndasviðsins.

Þess var óskað að umsagnir bærust fyrir 1. desember sl. og er hér með óskað eftir frekari fresti eða til 17. desember til þess að borgarráði gefist ráðrúm til að afgreiða eigin umsögn um frumvarpið, enda sá frestur sem gefinn var alltof skammur þar sem um viðamikilið mál er að ræða. Eru ofanefndar umsagnir hér með dregnar til baka.


Steinunn Valdís Óskarsdóttir



Reykjavík, 15. nóvember 2004

Reykjavíkurborg
borgarráð, Gunnar Eydal
Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Umhverfisnefnd Alþingis sendir yður hér með til umsagnar hjálagt frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög, 235. mál, matsferli, málskotsréttur, úrskurðarnefnd o.fl.

Eins og fram kemur á bls. 10 í athugasemdum við frumvarpið voru frumvörp um sama efni lögð fram á 130. löggjafarþingi, annars vegar frv. til l. um breyt. á l. um mat á umhverfisáhrifum og hins vegar frv. til l. um breyt. á skipulags- og byggingarlögum og sendi umhverfisnefnd þau yður til umsagnar.

Meðfylgjandi frumvarp er nú sent sömu aðilum til umsagnar og þeim gefinn kostur á að skila athugasemdum um það. Athygli er vakin á því að nokkrar breytingar hafa verið gerðar frá fyrra þingi og vísast nánar til þess sem segir í athugasemdum við frumvarpið.

Þess er óskað að svar yðar berist eigi síðar en 1. desember 2004 til: Nefndasviðs Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 REYKJAVÍK.

Hægt er að senda umsagnir í tölvupósti en jafnframt er óskað eftir að fá frumrit sent til skjalaskráningar. Netfang nefndasviðs er: nefndasvid@althingi.is

Vakin er athygli á því að allar umsagnir um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls þegar nefndin hefur lokið umfjöllun um málið.

Bent skal á að leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: www.althingi.is/altext/131/s/0241.html

F.h. umhverfisnefndar
Alþingis,

Hlín Lilja Sigfúsdóttir
nefndarritari

UMHVERFISNEFND